

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020110023

9. nóvember 2020

Aðgerðaáætlun um úrbætur á strætóstoppistöðvum – tillaga

Ítarleg úttekt á ástandi og aðgengi fyrir alla á strætóstoppistöðvum í Reykjavík, unnin af umhverfis- og skipulagssviði í samráði við ÖBÍ sumarið 2020, liggur nú fyrir.

Lagt er til að gert verði átak í úrbótum á strætóstoppistöðvum í Reykjavík á grundvelli úttektar á ástandi þeirra og aðgengi fyrir alla. Umhverfis- og skipulagssviði í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík og hagsmunaaðila verði falið að vinna aðgerðaáætlun.

Tillaga að aðgerðaáætlun úrbóta á strætóstoppistöðvum verði lögð fyrir skipulags- og samgönguráð og aðgengis- og samráðsnefnd í febrúar 2021. Fjármagn í aðgerðaáætlun verði tryggt á fjárfestingaráætlun þegar hún liggur fyrir.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri